

Af Njarðvíkingum.

Sigurður hjet maður og var Eiríksson. Hann bjó á Mýrum í Skriðdal. Hann var góður bóndi. Sigurður bóndi var af Njarðvíkurætt en hún er rakin frá Birni skafinn er bjó í Njarðvík fyrstur sinna kynsmanna. Björn var nefndur skafinn vegna þess að þá er hann fæddist var ekki vatn að fá til að lauga barnið (Sögn hermir að fæðingu hafi borið að á Reykjaheiði þá er foreldrar hans voru á ferð austur). Var því brugðið á það ráð að skafa svein þennan utan með hníf. Björn skafinn var annálaður þrekmaður; þurftu fáir að reyna afl við hann. Mátti hann fara alla leið vestur í þjót til að hitta jafníngrinn sinn (Sú saga verður þó ekki rifjuð upp að sinni). Afkomendur Bjarnar þessa skafins bjuggu síðan mann fram af manni í Njarðvík og þóttu afarmenni. Nægir þar að nefna Þorvarð digra, Magnús digra, Einar digra og Sigurð sterka. Eigi vitum vjer svo gjerla hvað viðurnefnið "digri" merkir í þessum dæmum en Sigfús fróði frá Eyvindará segir að Einar digri kepptist um það við prestinn í Vallanesi hvor fitnaði meira árlega. - Hitt er víst að þeir Njarðvíkurbændur áttu í stöðugum erjum við fjandsamlegar vættir, svo sem Nadda í Njarðvíkurskriðum og Grím í Grímsbás, og báru æfinlega hærra hlut þó stundum væru þeir kumlaðir eftir viðureignir við fjánda þessa. Hefur æfinlega þótt óvættasamt í Njarðvík.

Nú líður tími og þar kemur að Njarðvíkurætt flyst uppyfir fjall og dreifist nokkuð, fyrst um Úthjarað en síðan inn til frjósamari sveita og komum vjer þá loks aftur að Sigurði bónda Eiríkssyni á Mýrum í Skriðdal. Kemur heimildum saman um það að hann hafi verið styrkur maður vel en gætti skaps síns er hann var fluttur úr nágrenni við óvættir.

Ekki mun jeg hjer fjölyrða um syni Sigurðar á Mýrum (kanski hafa þeir eingvir verið) en Margrjet var dóttir hans. Nú veit jeg að þeir sem hafa lesið Ættarpóstinn fara að kveikja. Jæja við erum sem sje komin að henni Margrjetu gömlu á Geirólfsstöðum. Já við erum komin að þeirri gömlu góðu konu. Eftir því sem Sigfús fróði segir þá hefur Margrjet á Geirólfsstöðum verið bæði gáfuð og afskaplega vönduð kona. Því veit jeg eigi hvursvegna þessi vísa hefur verið ort:

Hefur bruggað Helga tál
harm og mæðu stránga.
Geymir ekki góða sál
Geirólfsstaðamánga.

Jafnvel þótt til sje annar varíantur af seinni parti:

Geymir illa góða sál
Geirólfsstaðamánga.